

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/28/01		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7786 – Visa Inc./Visa Europe) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	1
2016/EES/28/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7944 – Crédit Mutuel/GE Capital's factoring and equipment financing businesses in France and Germany) . . .	2
2016/EES/28/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7956 – Johnson Controls/Tyco International) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2016/EES/28/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7972 – ITW/EF&C)	4
2016/EES/28/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7999 – Hearst Corporation/Advance Publications/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2016/EES/28/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8022 – KKR/Airbus Defence Electronics) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2016/EES/28/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8029 – KNB/Mitsui/DVHP/DaVita) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2016/EES/28/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8031 – 3i Group/Wood Creek/Wireless Infrastructure Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/28/01

(mál M.7786 – Visa Inc./Visa Europe)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Visa Inc öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Visa Europe Limited á Englandi og í Wales („Visa Europe“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Visa Inc.: starfrækir greiðsluferfi með vörumerki VISA og ýmsa stoðþjónustu um heim allan nema á Visa Europe svæðinu
 - Visa Europe: starfrækir greiðsluferfi með vörumerki VISA á Visa Europe-svæðinu sem tekur til allra aðildarríkja EES, Sviss, Tyrklands, Ísraels og sumra annarra nærliggjandi lögsagnarumdæma
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 180, 19.5.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni mál M.7786 – Visa Inc./Visa Europe, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2016/EES/28/02****(mál M.7944 – Crédit Mutuel/GE Capital's factoring and equipment financing businesses in France and Germany)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Banque Fédérative du Crédit Mutuel („Crédit Mutuel“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir viðskiptakröfu- og fjármögnunarstarfsemi í fyrirtækinu General Electric Group í Frakklandi og Þýskalandi.
2. Starfsemi fyrirtækjanna er sem hér segir:
 - Crédit Mutuel: franskur banki og tryggingafyrirtæki sem er með kjarnastarfsemi á sviði bankaþjónustu fyrir fyrirtæki og viðskiptabankastarfsemi auk líftrygginga og skaðatrygginga. Sú starfsemi sem hefur þýðingu að því er varðar hin fyrirhuguðu viðskipti er sala á viðskiptakröfum og fjármögnun fyrir viðskiptavinum í Frakklandi og Þýskalandi. Þau fara fram í gegnum eftirfarandi rekstrareiningar: CM-CIC Factor annast þjónustu í tengslum við viðskiptakröfur og CM-CIC Bail, Arkea Crédit Bail og Bail Actea annast öll fjármögnun á búnaði, m.a. leigu.
 - Fyrirtækin sem um er að ræða í Frakklandi eru: GE Factofrance SAS (yfirráð yfir GE Capital Equipement Finance SA, Cofacredit SA, Factor Soft SAS, og SACER SARL) og Titrifact Notes. Fyrirtækin sem um er að ræða í Þýskalandi eru Heller GmbH (sem starfar í gegnum GE Capital Factoring GmbH og GE Capital Bank AG), GE Capital Leasing GmbH, og GE Capital Solutions Investment GmbH. Þau veita fyrirtækjum viðskiptakröfu- og kaupleiguþjónustu. Einnig eru þau virk á sviði tryggingamiðlunar að takmörkuðu leyti og þá í tengslum við fjármögnunarþjónustu á búnaði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 174, 14.5.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7944 – Crédit Mutuel/GE Capital's factoring and equipment financing businesses in France and Germany, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7956 – Johnson Controls/Tyco International)**

2016/EES/28/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. maí 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Johnson Controls Inc. („JCI“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir írsku fyrirtækinu Tyco International plc („Tyco“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - JCI: tækni- og iðnfyrirtæki með margvíslega starfsemi víða um heim á sviði lausna sem varða nýtni og skilvirkni bygginga, bílahluti og orkulausnir
 - Tyco: seljandi vara og þjónustu um heim allan sem tengist eldvörnum, öryggi og slysavörnum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 172, 13.5.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni mál M.7956 – Johnson Controls/Tyco International, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7972 – ITW/EF&C)

2016/EES/28/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar skv. 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Illinois Tool Works Inc. („ITW“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir rekstrareiningunni Engineered Fasteners & Components („EF&C“) í Þýskalandi, sem er hluti af ZF TRW Automotive Holdings Corp., dótturfélagi þýska fyrirtækisins ZF Friedrichshafen AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ITW: framleiðandi margvíslegra iðnaðarvara og -búnaðar um heim allan. Starfsemi ITW er skipt í sjö rekstrareiningar: frumframleiðsla á bílahlutum, prófun, mælingu og raftækni, matvælabúnað, fjölliður og vökva, logsuðu, byggingarvörur og sérnotavörur. Viðskiptin varða frumframleiðslu ITW á bílahlutum sem framleiðir festingar og plasthluti fyrir bílaframleiðendur
 - EF&C: rekstrareining ZF TRW Automotive Holdings Corp. sem framleiðir plastfestingar og plasthluti fyrir bílaframleiðendur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 180, 19.5.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7972 – ITW/EF&C, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2016/EES/28/05****(mál M.7999 – Hearst Corporation/Advance Publications/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Hearst Publishing Services, Inc., sem er í eigu The Hearst Corporation („Hearst“), og bandaríska fyrirtækið Advance Publications, Inc. („Advance Publications“) öðlast í sameiningu með hlutabréfakaupum og með því að leggja til eignir að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Hearst: dagblöð, tímarit, kapalsjónvarp, sjónvarpsstöðvar, lánshæfismat, heilbrigðisupplýsingaþjónusta og starfsemi á netinu
 - Advance Publications: dagblöð, tímarit, vefsetur sem tengjast prentmiðlum þess, kapalsjónvarp og framleiðsla kvikmynda, sjónvarpsefni og stafræna myndefni
 - Sameiginlegt félag (JV) mun bjóða upp á innkaupa-, dreifingar- og bakvinnsluþjónustu í tengslum við útgáfu prentaðra tímarita, m.a. stafræna útgáfu þeirra, fyrir móðurfélög og þriðju aðila
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 174, 14.5.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni mál M.7999 – Hearst Corporation/Advance Publications/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8022 – KKR/Airbus Defence Electronics)**

2016/EES/28/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & Co. L.P. („KKR“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir þýska fyrirtækinu Airbus DS Optronics GmbH („Optronics GmbH“), þýska fyrirtækinu Airbus DS Electronics and Border Security GmbH („Electronics GmbH“) og franska fyrirtækinu Airbus DS Electronics and Border Security SAS („Electronics SAS“), (sem nefnast einu nafni „Airbus Defence Electronics“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: eignarhald og stjórnun framtakssjóða sem fjárfesta í fyrirtækjum í margs konar atvinnugreinum
 - Airbus Defence Electronics: framleiðsla og sala á skynjarkerfum, m.a. ratsjám fyrir hernað, hernaðarfjarskipti, rafeindahernað og ljósrafeindatekni. Airbus Defence Electronics hefur verið skilið frá Airbus Defence & Space GmbH og Airbus Defence & Space SAS, en starfsemi þeirra felst m.a. í i) framleiðslu á loftförum fyrir hernað, ii) hönnun, þróun og starfrækslu á umfangsmiklum búnaði til notkunar í geimnum og iii) gervihnattafjarskiptakerfum og fjarskiptakerfum á jörðu niðri og lausnum fyrir upplýsingaöflun og öryggismál
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 174, 14.5.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8022 – KKR/Airbus Defence Electronics, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8029 – KNB/Mitsui/DVHP/DaVita)

2016/EES/28/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem malasíska fyrirtækið Khazanah Nasional Berhad („Khazanah“), japanska fyrirtækið Mitsui & Co., Ltd („Mitsui“) og bandaríska fyrirtækið DaVita Healthcare Partners Inc. („DVHP“), öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í gegnum dótturfélag alfarið í eigu þess síðarnefnda, DV Care Netherlands B.V. („DVBV“), yfir singapúrsku fyrirtækinu DaVita Care Pte. Ltd. („DaVita“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Khazanah: fjárfestingasjóður stjórnvalda í Malasíu og eru höfuðstöðvar hans í Kuala Lumpur
 - Mitsui: japanskt kaupsýslufyrirtæki sem annast margvísleg hrávöruviðskipti og önnur viðskipti um allan heim
 - DVHP: er með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum, veitir margvíslega heilbrigðisþjónustu og er skráð í kauphöllinni í New York
 - DaVita: DaVita Care Pte. Ltd. starfrækir miðstöðvar sem sinna himnuskiiljun og veitir þjónustu vegna ráðgjafar við spítala í tengslum við umönnun nýrnasjúkra/himnuskiiljun í fimm löndum í Asíu: Singapúr, Malasíu, Indlandi, Kína og Taívan.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 182, 20.5.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni mál M.8029 – KNB/Mitsui/DVHP/DaVita, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2016/EES/28/08****(mál M.8031 – 3i Group/Wood Creek/Wireless Infrastructure Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem 3i Infrastructure plc á Jersey („3iN“), sem endanlega lýtur yfiráðum breska fyrirtækisins 3i Group plc („3i“) og bandaríska fyrirtækið U.S. WIG Holdings LP („Wood Creek“), sem endanlega lýtur yfiráðum bandaríska fyrirtækisins Massachusetts Mutual Life Insurance Company („MassMutual“) öðlast með hlutabréfakaupum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, sameiginleg yfiráð yfir breska fyrirtækinu UK WIG I Limited („WIG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - 3i: fjárfestingar, fjárfestingastjórnun og stjórnunarráðgjöf við fjárfestingar í óskráðum félögum, innviðum og skuldastýringu. Fjárfestingar 3i í innviðum sem beinast að almannajönustu, samgöngum og félagslegum innviðum fara einkum fram í gegnum 3iN
 - MassMutual: líftryggingar og aðrar tryggingavörur
 - Wood Creek: eignarhaldsfélag. Wood Creek lýtur yfiráðum Wood Creek Capital Management LLC („WCCM“), sem starfar við fjárfestingastýringu, einkum á sviði eiginfjárfjármögnunar og innviða í einkaeigu og lýtur sjálfst yfiráðum MassMutual
 - WIG: umsýsla fjarskiptamastra og annarra innviða í þráðlausum fjarskiptum WIG lýtur yfiráðum Wood Creek sem stendur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 174, 14.5.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8031 – 3i Group/Wood Creek/Wireless Infrastructure Group, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.